



Ísafirði 21. júní 2024

Umsögn; Drög að flokkun fimm virkjanakosta mál í Samráðsgátt S-114/2024

Úrbætur á afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum hafa um áratugaskeið verið viðfangsefni í hagsmunabaráttu sveitarfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum. Á hverjum tíma hefur verið unnið að úrlausnum, sem eftir á að hyggja náðu ekki að svara þörfum samfélaga og atvinnulífs. Hefur landshlutinn í raun verið að glíma við langvarandi orkuskort og sú staða hamlað framþróun svæðisins.

Um þetta er fjallað lýsingu Svæðisskipulags Vestfjarða, sem liggur nú frammi til umsagnar í Skipulagsgátt til 28. júní n.k. (<https://skipulagsgatt.is/issues/2024/603>), kafla 3.2. Orka og innviðir, þar sem segir

Er kemur að öflun og flutningi raforku hefur þróunin ekki haldið í við breytta þörf og staðan sú að Vestfirðir þurfa 44 MW af raforku en framleiða sjálfir einungis 11-23 MW eftir aðstæðum. Aðflutt raforka kemur til Vestfjarða með einni flutningslínu og flutningsgeta línunnar er við efri mörk þegar orkuþörf er hvað mest yfir vetrartímann. Það að hringtengingar njóti ekki við hamlar framþróun samfélaga og atvinnulífs og hindrar orkuskipti og stendur þar með í vegi fyrir að markmiðum í loftslagsmálum verði náð

Með lýsingunni fylgir viðauki „Viðauki 2 – Samantekt yfir stefnur og áætlanir“ þar er ítarleg umfjöllun um orkumál og flutningsmál raforku (bls 10 -13) en síðan segir um samþættingu áætlana er varða Vestfirði

Orkumál og flutningsmál raforku. Til að mæta orkuskorti, orkuskiptum, fjölgun íbúa og eflingu atvinnulífs þarf að þrýsta á að unnið verði úr tillögum starfshóps umhverfis-, orku og loftlagsráðherra¹. Taka þarf afstöðu um nálgun svæðisskipulags á uppbyggingu virkjana (vatnsafl, vindafl og sjávarorka) innan Vestfjarða og staðsetningu flutningslína raforku tengdum þessum virkjanakostum og tvöföldun tengingar flutningslínu við flutningskerfið í landinu. Treysta verður á að vinna að svæðisskipulagi þrýsti á stjórnvöld að taka ákvarðanir er varða framleiðslu og flutning raforku innan og til Vestfjarða

Drög að flokkun fimm virkjanakosta, sem hér er til umsagnar, setur fram tillögu um að þrjár vatnsaflsvirkjanir á Vestfjörðum; Tröllá, Hvanneyrardal og Skúfnavötn, og að þeir verði skilgreindar í nýtingarflokk. Þessir virkjanakostir koma til viðbótar við aðra virkjanakosti sem eru í nýtingarflokki Rammáætlunar á Vestfjörðum þ.e. Austurgilsvirkjun og Hvalárvirkjun.

¹ https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Raforkumal_Vestfjarda_skyrsla_2022.pdf
https://www.vestfirdir.is/static/files/Innvidir/2023/efling_samfelags_a_vestfjordum-juni-2023.pdf



Vestfjarðastofa



Fjórðungssamband
Vestfirðinga

Fyrir markmið svæðisskipulagsgerðar eru meginþættir áhrif virkjana annarsvegar gagnvart aflþörf og hinsvegar flutningskerfis raforku.

Áhrif á aflþörf má meta sem svo að teknu tilliti til skörunar í nýtingu vatnasvæða Tröllár og Hvanneyrardals þá áætla að bætist við um 27 MW í afli við Hvalá og Austurgil og samanlagt má áætla, að vatnsafl þessara virkjanakosta geti numið tæpum 110 MW. Hér er svarað aflþörf sem er til staðar innan Vestfjarða í dag og til að mæta aukinni eftirspurn á næstu áratugum m.t.t. framþróunar atvinnulífs, fjölgun íbúa og markmiða í orkuskiptum og loftlagsmálum.

Áhrif á flutningskerfið er flóknari, þar er það samspil flutningskerfisins og staðsetningu virkjana sem þarf að spila saman. Vinna þarf málið með tilliti til markmiða sem sett hafa verið, en í þingsályktun Alþingis um flutningskerfi raforku 26/148 er sett að markmiði að koma skal á hringtengingu flutningkerfis (N-1) innan allra landshluta eigi síðar en árið 2030. Vestfirðir eru tilgreindir sem forgangssvæði í því verkefni enda hlutfallslegt ótíltæki raforku þar hæst yfir landið og hér helsti rökstuðningur tillagna verkefnisstjórnar til að mæta þeirri stöðu.

Hringtenging raforkukerfis á Vestfjörðum miðast við að hringtengingu tengipunkts í Mjólka í Arnarfirði, sem þarf til framtíðar litið að vera tengdur tvöfaldri flutningslínu frá Hrutatungu í Hrutafirði. Slíku verkefni má hinsvegar áfangaskipta ef byggðar eru upp virkjanir innan Vestfjarða.

Tenging þessara virkjanakosta sem hér eru til umfjöllunar er háð uppbyggingu flutningskerfis raforku þ.m.t. tengipunktur í Ísafjarðardjúpi og tenging við Mjólka. Tenging Hvalár og eða Austurgilsvirkjunar í þennan tengipunkt er þar lykilþáttur í að auka áreiðanleika afhendingar raforku á Vestfjörðum að þeirri fosendu að gefinni, að virkjun afhendi hverju sinni að lágmarki 20 MW. Samkvæmt greiningum Landsnets mun þar með hlutfallslegt ótíltæki minnka á norðan og sunnanverðum Vestfjörðum frá 50 til 70% og með tvöföldun Vesturlínu frá tengivirki í Kollafirði í Mjólka minnkar ótíltækið um allt að 90%.

Ætla má þó að það skapist samlegðaráhrif með uppbyggingu fleiri virkjanakosta en Hvalár og Austurgil og muni það verða til að auka hagkvæmni við uppbyggingu flutningskerfisins með auknum flutningstekjum. Það skapi þannig grundvöll að flýta uppbyggingu tvöfalda flutningskerfis raforku innan Vestfjarða og tengingu við aðra landshluta. Landshlutinn standi þá samkeppnislega jafnfætis við aðra landshluta í aðgengi að raforku til að mæta aukinni eftirspurn.

Samantekið þá eru þau drög sem verkefnastjórn leggur hér til og byggja á úttekt faghópa, til mikils stuðnings fyrir markmið sem sett eru fram í lýsingu Svæðisskipulags Vestfjarða er varða kröfu um varanlegar umbætur í orkumálum á Vestfjörðum.

Vestfjarðastofa og Fjórðungssamband Vestfirðinga áskilja sér síðan rétt til að fjalla um framangreint mál á síðari stigum.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri